

Kópavogi, 14. september 2022
2208654/511.01 ÁH

Svæði 7 er skilgreint sem þróunarsvæðis í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagsvinna er ekki hafin á þessu svæði. Ekki hefur verið mótað verklag eða stefna varðandi þróunarsvæðið. Svæðið er verðmætt og býður upp á mikla möguleika með tilkomu Fossvogsbrúar og mikilvægt að móta stefnu sem tryggir gæði svæðisins í tengslum við bættar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Nature Experience eru lóðarhafar að Vesturvör 44-50 (Sky lagoon), Vesturvör 40-42 og Vesturvör 38a og b. Sjá mynd neðan af svæði sem um ræðir.





Stefna bæjaryfirvalda á þróunarsvæðinu þarf að vera skýr varðandi svæðið og vel gætt að heimildum og hlutföllum í gildandi aðalskipulagi. Svæðið er dýrmætt og huga þarf að þörfum bæjarbúa til að tryggja sem besta nýtingu á svæðinu.

Undirrituð telur ótímabært að úthluta svæði 7 þar sem enn ríkir óvissa um stefnu bæjarstjórnar um svæðið og hvernig skipulagsmálum verður háttað í samráði við íbúa.

Að því sögðu er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við Nature Experience í þróun svæðisins þar sem félagið er lóðarhafi að stórum hluta svæðisins.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs